

## SKRIFLEGT SVAR E 8/2023

Til Norðurlandaráðs

Ríkisstjórn Finnlands er kunnugt um það tilfelli sem fyrirspurnin vísar til og um opinbera umræðu í tengslum við það. Við tökum ekki afstöðu til einstakra mála en við getum upplýst eftifarandi um vinnslu málsins. Leena Meri dómsmálaráðherra og Mari Rantanen innanríkisráðherra ræddu málið eftir að hafa fengið upplýsingar um það í lok september. Þá hefur verið fjallað um málið á vegum embættismanna. Eftir þær umræður hefur verið komist að samkomulagi um að utanríkisráðuneytið skuli ræða málið við stjórnvöld í Írak og Noregi. Finnsk stjórnvöld ræða ekki málið efnislega.

Innanríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið sinna nú og munu halda áfram að sinna löggjafarvinnu sem mun miða að því m.a. að koma í veg fyrir álíka tilfelli í framtíðinni og einnig til að gera meðferð slíkra mála einfaldari. Innanríkisráðuneytið vinnur að innleiðingu breytinga sem munu einfalda athugun á auðkenni í málefnum er varða landvistarleyfi og hælisleit og kannar aðrar aðferðir til að koma í veg fyrir misbeitingu í ferlinu. Þessar aðferðir varða t.d. gæsluvarðhald, tilkynningu um komubann og afturköllun landvistarleyfis. Dómsmálaráðuneytið vinnur að endurskoðun reglna um brottvísun. Þá hefur dómsmálaráðuneytið hafið umbætur á innlendum reglum um framsalsmál í þeim tilgangi að tryggja að dauðarefsing sem dæmd er í öðru landi geti verið afplánuð í Finnlandi sem fangelsisvist.

Helsinki 19.1.2024

Leena Meri dómsmálaráðherra

Mari Rantanen innanríkisráðherra